Kennsluáætlun íslenska
10.bekkur
Vorönn 2023
kennari: Sigurbjörg Eiðsd.

Markmið íslensku í 10.bekk
Waldorf grunnskólans:

Lokamarkmið í íslenskunámi grunnskólanemenda eru fjölbreytt og lúta að því að nemendur hafi náð góðum tökum á móðurmáli sínu, geti lesið sér til ánægju og gagns og séu með blæbrigðaríka og góða framsögn, geti ritað góðan og réttan texta með ríkulegan orðaforða og skilning á fegurð málsins og orðfæri og geti jafnframt nýtt sér alla þá miðla og verkfæri sem bjóðast þeim til að vinna með tungumálið sitt.
Ennfremur að nemendur séu óhræddir við að skrifa frá eigin brjósti og að fara ótroðnar og skapandi slóðir í notkun málsins í leik og starfi.

Mikilvægt er að nemendur hafi í farteskinu, þegar þeir útskrifast úr grunnskólanum, tilfinningu fyrir því að vernda og viðhalda íslenskri tungu en séu jafnframt frjálsir í anda til að leyfa móðurmálinu að þróast og breytast inn í framtíðina.

Hæfniviðmið fyrir 10.bekk eru lokaviðmið Aðalnámsskrár í íslensku.

Lykilhæfni í námsgreininni er hluti af námsmati:

Tjáning og miðlun
Skapandi og gagnrýnin hugsun
Sjálfstæði og samvinna
Nýting miðla og upplýsinga
Ábyrgð og mat á eigin námi.

Janúar 2021
Þrír tímar í töflu
Lestur og orðaforði
Heimaverkefni í málfræði.
Lota í íslensku 23. jan – 3. feb.
(sjá neðar á blaði)

Febrúar
Þrír tímar í töflu
Skapandi skrif/ljóð.
Heimaverkefni í málfræði.

Mars
Þrír tímar í töflu.
Klassískar bókmenntir./miðaldatexti.
Parsifal/Upplestur á texta, verkefni úr efni sögu. Umræður og listsköpun tengd efni sögu í myndmennt.

Apríl
Þrír tímar í töflu
Orðaforði/íðorð og nýyrðasmíð
Upprifjun í málfræði og hugtökum.

Maí
Tímar í töflu eru nýttir í upprifjun fyrir lokakönnun í íslensku sem er þann **22.maí 2023 frá 9:00 til 11:00.**
frágang fyrir lokaverkefni og kynningar útskriftarnema.

Lotur í íslensku:

Íslenska 10.bekkur lota
23. janúar -3.febrúar 2023
Heimildarritgerð og skapandi skrif.

Markmið lotu:
Að nemendur hafi unnið að stuttri ritgerð (4 síður), um efni að eigin vali. Að þau skilji og/eða hafi notað nokkur meginhugtök í heimildanotkun (bein , óbein tilvitnun, tilvísun, höfundarréttur, heimildaskráning). Að þau hafi unnið með uppbyggingu

ritgerðar og lært að vinna með heimildir. Að nemendur hafi hugað að útliti og hönnun ritgerðar. Að þau hafi lokið við og skilað verkefni innan tímamarka og kynnt verkefnið sitt fyrir hópnum. Einnig hafi þau æft sig í styttri skapandi textasmíðum sjálf eða með hóp.

Uppbygging kennslustundar.

8:45-9:00 Morguntexti, samlestur, samtal og mergur málsins.
9:00-9:10 skapandi skrif-æfingar.
9:10-9:20 upprifjun og fyrirspurnir varðandi ritgerðirnar.
9:20-10:40 unnið að ritgerðum og frágangur 10.40.

I þessar tvær vikur verður einnig hægt að vinna að ritgerðunum í íslenskutímum í stundatöflu.

Síðasta dag lotunnar eru verkefni sett upp í stofu og kynnt fyrir hópnum.

Lokaverkefni /Íslenska
10.bekkur
15.maí-5.júní 2023

Nemendur vinna að lokaverkefni sínu og nýta til þess það sem þau hafa lært, hvort sem það eru ritgerðaskrif, skapandi skrif, framsögn og/eða önnur framsetning verkefnisins. Nemendur nýta aðalkennslulotu auk íslenskutíma og handverkstíma í verkefnið.

Lokaverkefni eru kynnt fyrir foreldrum og kennurum í síðustu viku skólaannar.